

211
27. des.

AUGLÝSING

um breyting á samþykktum Sparisjóðs Sauðárkróks, nr. 52 5. marz 1945.

1. gr.

Í stað „kr. 3000.00“ í 3. gr. komi: kr. 5000.00.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Skulu þrír þeirra kjörnir á aðalfundi til 4 ára í senn og aðrir þrír til vara. Hlutfallskosningu skal við hafa, ef óskað er. Á sama hátt kjósa sýslunefnd Skagafjarðarsýslu og bæjarstjórn Sauðárkróks einn mann hvor í stjórn sjóðsins og annan til vara og gildi kosning þeirra til sama tíma. Kjörtími stjórnar miðist við aðalfund sjóðsins. Stjórnin skiptir með sér störfum. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er geti komið í bág við hagsmunum sjóðsins.

3. gr.

21. gr. orðist svo:

Til að rannsaka reikninga sjóðsins og bókfærslu alla, velja sýslunefnd Skagafjarðarsýslu og bæjarstjórn Sauðárkróks einn mann hvor og annan til vara, er komi í stað aðalmanns í forföllum hans. Kjörtími endurskoðunarmanna er eitt ár í senn og miðast við aðalfund sjóðsins. Tilkynna skal sparisjóðseftirlitinu, hverjir séu kosnir endurskoðendur sparisjóðsins.

4. gr.

Framangreindar breytingar, sem samþykktar voru á aðalfundi sparisjóðs Sauðárkróks 13. júní 1949, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Viðskiptamálaráðuneytið, 27. desember 1949.

Björn Ólafsson.

Yngvi Ólafsson.

212

REIKNINGAR SÖFNUNARSJÓÐS ÍSLANDS

Reikningur yfir tekjur og gjöld Söfnunarsjóðs Íslands árið 1948.

Tekjur:

1. Sjóður frá fyrra ári	kr. 9939375.56
2. Bætt við innstæður vaxtaeigenda:	
a. Innlög á árinu	kr. 1442595.55
b. Vextir lagðir við höfuðstól	— 378984.78
c. Verðlaun úr Minningarsjóði próf. E. Briem	— 276.44
d. Verðlaun úr „Vaxtabæti“ Söfnunarsjóðs Ísl.	— 2614.93
	— 1824471.70
3. Vextir af lánnum	kr. 523950.83
4. Þóknun, lántökugj., dráttárv., viðskb.	— 36566.42
5. Vextir 1948, geymdir til útborgunar	— 103329.96
6. Höfuðstóll, geymdur til útborgunar	— 664.84
7. Bankalán	— 340986.11
	— 1005498.16

Kr. 12769345.42